



## Reglur um námsstyrki til stofnanna og starfsmanna Fjarðabyggðar

### 1. gr. Umfang

Reglurnar ná til allra starfsmanna Fjarðabyggðar sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðsemjenda. Fjarðabyggð veitir árlega tiltekinni fjárhæð til námsstyrkja en framlagið er endurskoðað árlega við gerð fjárhagsáætlunar.

Styrkveitingar vegna styrkja til starfsmanna eru veittar af fjárhagslið þess árs sem sótt er um styrk en framlög vegna afleysinga til stofnana eru veittar af fjárheimild komandi fjárhagsárs. Styrkveiting er miðuð við 12 mánaða tímabil.

### 2. gr. Ákvörðun um úthlutun

Við ákvörðun um úthlutun námsstyrkja er miðað við þarfir bæjarfélagsins sem og þarfir og möguleika starfsmannsins til starfsþróunar. Mannauðsstjóri/mannauðs- og kjarateymi meta umsóknir, en námsstyrkir skulu nýttir til kostunar náms sem nýtist starfsmanni í störfum hjá bæjarfélaginu og starfsemi þess.

### 3. gr. Umsóknarfrestur

Umsóknum um styrk vegna náms sem hefst að hausti skal skila til mannauðs- og kjarateymis fyrir 1. ágúst en fyrir 1. nóvember vegna náms sem hefst um áramót. Umsóknir verða afgreiddar tvisvar á ári, þ.e.a.s í lok ágúst og lok nóvember. Í umsókn skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um viðkomandi nám og námstíma og með hvaða hætti menntunin geti nýst á sérsviði starfsmanns hjá bæjarfélaginu. Starfsmenn geta þó eingöngu fengið styrk einu sinni á almanaksári.

### 4. gr. Upphæðir styrkja

Námstyrkir eru annars vegar veittir til starfsmanna og hins vegar veittir til stofnanna.

- Styrkur til starfsmanna er til að koma til móts við kostnað sem verður til vegna náms og getur verið allt að 50.000.- kr.
- Styrkur til stofnanna er til að koma til móts við kostnað sem fellur til vegna afleysingar en stofnun getur fengið allt að 24 yfirvinnustundum á ári fyrir hvern starfsmann svo hann megi þreyta próf á vinnutíma og/eða sækja staðbundnar námslotur.

### 5. gr. Afgreiðsla styrkja

Starfsmaður framvísar kvittun vegna náms til síns stjórnanda sem útbýr reikning og sendir ásamt fylgigögnum á bókhald til að hægt sé að greiða styrk til starfsmanns. Námsframvinda og árangur skal vera með eðlilegum hætti og upplýsingum um námsframvindu skal komið til forstöðumanns viðkomandi stofnunar við afgreiðslu styrkja og veitingu leyfa. Styrkur til stofnunnar er veittur sem aukafjárheimild til viðkomandi stofnunar.

### 6. gr. Styrkveiting til starfsmanna

Styrkir eru veittir starfsmönnum sem:

- Stunda viðurkennt réttindanám á framhalds- eða háskólastigi, sem gagnast í starfi hjá Fjarðabyggð.



- b) Stunda viðurkennt starfstengt framhaldsnám á háskólastigi, sem gagnast í starfi hjá Fjarðabyggð. Krafist er a.m.k. 10 ECTS eininga á önn.
- c) Eru í a.m.k. 50% starfshlutfalli hjá stofnunum Fjarðabyggðar.

#### 7. gr.

#### Styrkveiting til stofnanna vegna afleysingar

- a) Afleysingarkostnaður vegna menntunar samkvæmt reglum þessum er afgreiddur samkvæmt umsókn stjórnanda stofnunar.
- b) Stofnunin fær úthlutað sem nemur allt að 24 yfirvinnustundum á ári fyrir hvern starfsmann svo hann megi þreyta próf á vinnutíma og/eða sækja staðbundnar námslotur.
- c) Stofnun getur boðið starfsmanni uppá sveigjanlegan vinnutíma en óskerta vinnuskyldu verði því við komið.

#### 8. gr. Sérákvæði

#### Styrkveiting til starfsmanna leikskóla Fjarðabyggðar sem leggja stund á leikskólakennarafræði.

Með þessu sérákvæði falla aðrar greinar reglna út nema þær sem gilda almennt og ekki er fjallað um í 8. gr.

Starfsfólk leikskóla Fjarðabyggðar getur sótt um námstyrk ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Stunda eða eru að hefja nám í grunn diplómu í leikskólakennarafræðum, B.Ed og/eða M.Ed í leikskólakennarafræðum.
- b) Eru nú þegar með BA, BS eða B.Ed próf og stunda eða eru að hefja nám í menntunarfræði í leikskóla.
- c) Eru í a.m.k. 50% starfshlutfalli hjá stofnunum Fjarðabyggðar.

Með námstyrk til starfsmanna leikskóla er átt við að starfsfólk sem sinnir fjarnámi í leikskólakennarafræðum geti:

- a) Haldið launum miðað við ráðningarhlutfall í öllum staðarlotum, vettvangsnámi og í prófum og geti þar af leiðandi sinnt námi með vinnu. Starfsmenn þurfa hins vegar að sækja um námsstyrkinn fyrir hverja önn.
- b) Fengið 50.000.- kr. á önn upp í kostnað sem fellur til vegna náms. Starfsmenn þurfa hins vegar að sækja um námsstyrkinn fyrir hverja önn.
- c) Unnið sveigjanlegan vinnutíma en óskerta vinnuskyldu verði því við komið.
- d) Sótt um launað námsleyfi í eina önn til að sinna námi í leikskólakennarafræðum. Sjá nánar í reglum um launuð námsleyfi til starfsmanna leikskóla Fjarðabyggðar.

Styrkveiting til leikskóla vegna afleysinga og launaðra námsleyfa:

- a) Fjárveiting vegna sérákvæðis 8. gr. er afgreidd samkvæmt umsókn leikskólastjóra með viðauka við fjárhagsáætlun.

Fjarðabyggð 1.apríl 2022

  
Jón Björn Hákonarson  
bæjarstjóri